

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 140/2133**  
**komudagur 8.5.2012**



Nefndasviðs Alþingis  
Austurstræti 8-10,  
150 REYKJAVÍK

Skógarhlíð 12 sími/tel. +354 569 4100  
105 Reykjavík fax +354 562 3619  
Ísland/Iceland www.caa.is

Tilv. yðar

Dags.

Tilv. vor  
FMS12050013

Dags.  
8. maí 2012


Bréfalykill:  
021

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um loftslagsmál (heildarlög, EES-reglur), 751. mál**

Vísað er til bréfs yðar, dags. 30. apríl sl., þar sem óskað er eftir athugasemdum við frumvarp til laga um loftlagsmál.

Flugmálastjórn fékk framangreint frumvarp til umsagnar á sínum tíma frá umhverfissráðuneytinu og gerði athugasemd við þá grein sem nú er 29.gr. frumvarpsins. Svo virðist sem sú athugasemd stofnunarinnar hafi ekki verið tekin til greina og því vil stofnunin ítreka hana hér. Fram kemur í ákvæðinu að hlutverk sjóðsins er að styðja við verkefni er stuðlað geta að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi og aukinni þekkingu almennings á loftlagsbreytingum af mannavöldum, afleiðingum þeirra og mögulegu aðgerðum til að sporna við þeim. Þá er í ákvæðinu talin verkefni sem sjóðurinn getur styrkt. Flugmálastjórn vill í þessu sambandi vekja athygli á því að verkefni sem tengjast endurnýjun á flugflota, bættri flugleiðsögu, þróun á nýju verklagi, aukinni nýtingu rafmagns í stað eldneysis á flugvöllum ofl. geta stórmínkað losun gróðurhúsalofttegunda. Flugmálastjórn telur að það sé mikilvægt að aðilar í flugtengdum rekstri hafi tryggingu fyrir því að þeir geti sótt um í styrk í Loftlagssjóðinn þar sem slík hvatning gæti án efa leitt til mikils sparnaðar. Flugrekendur geta bætt flugflota sinn eða endurnýjað hann og náð þannig fram miklum sparnaði á eldsneytisnotkun og losun gróðurhúsalofttegunda. Flugrekstrarlegir þættir s.s. hvernig staðið er að þjálfun og hvaða verklagi er beitt við flugið hefur mikla möguleika til að spara enn frekar. Flugleiðsaga getur með betri tækni og verklagi dregið úr töfum og jafnvel stýtt flugleiðir sem leiðir til beins sparnaðar. Flugvellir geta með betri tækni og verklagi dregið úr töfum og eldsneytiseyðslu auk þess sem möguleikar á að nota græna orku (raforku) í auknu mæli við afgreiðslu og þjónustu við flugvélar og farþega getur skipt miklu máli. Þá telur Flugmálastjórn að eðlilegt að stofnun eins og Flugmálastjórn geti sótt um styrk í sjóðinn. Flugmálastjórn hefur á að skipa sérfræðingum á mörgum sviðum flugmála og gæti sinnt rannsóknum og þróunarstarfi sem gæti nýst til að stuðla að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda ef fjármagn fengist til þess. Að mati Flugmálastjórnar gefur orðalag 29. gr. það ekki nógu skýrt til kynna að framangreindir aðilar geti sótt um styrk í sjóðinn og því telur stofnunin nauðsynlegt að það endurspeglist í ákvæðinu eða athugasemdum við frumvarpið. Flugmálastjórn vekur athygli á að tekjur sjóðsins koma að hluta til frá aðilum í flugrekstri og því telur stofnunin eðlilegt að sá hluti tekna sjóðsins verði einnig ráðstafað til þeirra.

Virðingarfyllst

  
Jóhanna Helga Halldórsdóttir  
lögfræðingur